



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

Efni: *Umsögn við tillögu fulltrúa Flokks fólksins um rafknúin farþegahjól fyrir fatlað fólk*

Þann 14. september 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu um rafknúin farþegahjól fyrir fatlað fólk:

Flokkur fólksins leggur til að Reykjavík kaupi rafknúin farþegahjól fyrir fatlað fólk í Reykjavík. Þessi hjól hafa verið keypt í Hafnarfirði og hafa veitt gleði og frelsi þar sem þau koma fólki milli staða með auðveldum hætti. Þau eru rafknúin og auðveld í notkun. Komin er ákveðin reynsla á þessi hjól og hefur þeim sem nota þau fundist þetta bæta lífsgæði þeirra. Þessi hjól eru sögð hjálpa til við að efla þátttöku fatlaðs fólks í samfélaginu.

Umsögn:

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur síðastliðin tvö sumur verið í samstarfi við samtökin Allir hjóla. Samtökin fjárfestu í sérútbúnum hjólum, bæði rafmagns og venjulegum, sem ætluð eru fyrir fatlað fólk. Í samstarfinu fólst að velferðarsvið lagði til starfsmenn í tengslum við atvinnuáttaksverkefni vegna Covid-19 faraldursins. Einnig útvegaði velferðarsvið aðstöðu til almenns utanumhalds og viðhalds í virknimiðstöðvum Reykjavíkurborgar fyrir fatlað fólk. Þar að auki þurfti að útvega hjól fyrir starfsfólk í þeim tilfellum sem einstaklingar þurftu fylgdarmann.

Samtökin Allir hjóla hafa nú lagt niður starfsemi sína og til að tryggja að hjólin gætu nýst áfram gáfu þau virknimiðstöðinni Smiðjunni við Bæjarflöt nýlega eitt hjól. Notendur í virknimiðstöðvunum Smiðjunni og Opus hafa nýtt hjólið undanfarið og hefur nýtingin verið góð þegar vel viðrar. Unnið er að því að bjóða íbúum í íbúðakjörnum að panta hjólið án endurgjalds. Miðað við núverandi stöðu er ekki talin þörf á fleiri hjólum en það verður metið eftir því sem meiri reynsla kemst á þetta fyrirkomulag.